

## Lækkun á eftirlitsgjöldum - Kynning á framkvæmd

Hafi leyfishafi lokið grunnámskeiði í hundauppeldi viðurkenndu af Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er heilbrigðisnefnd heimilt að lækka árlegt eftirlitsgjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um allt að helming, enda mæli ekki önnur atriði á móti því sbr. samþykkt um hundahald nr. 154/2000.

Umsókn um lækkun á eftirlitsgjöldum þarf að berast heilbrigðiseftirlitinu ásamt viðurkenningarskírteini.

Heilbrigðisnefnd fellst aðeins á lækkun eftirlitsgjalds ef farið er í einu og öllu að gildandi reglum um hundahald og jafnframt að vinna heilbrigðiseftirlitsins vegna eftirlits og skráninga sé í lágmarki.

Til gildandi reglna telst að skráning hafi farið fram samkvæmt reglum og eftirlits- og skráningagjöld lendi ekki í vanskilum. Skrá ber hund eigi síðar en mánuði eftir að hann er tekin á heimili og hvolpa eigi síðar en fjöggra mánaða gamla. Ef samþykkt er að veita afslátt kemur hann til framkvæmda frá þeim tíma sem skírteini frá viðurkenndu grunnámskeiði er skilað inn

Komi í ljós að ekki er forsenda til lækkunar eftirlitsgjalds þegar um hana er sótt, eða nauðsynlegt hefur reynst að afturkalla heimild til lækkunar getur endurskoðun málsins farið fram að tveimur árum liðnum hafi öllum skilyrðum verið fylgt á þeim tíma.

Um endurskoðun skal sækja skriflega til heilbrigðisnefndar. Heilbrigðiseftirlitinu er þó heimilt að lækka eftirlitsgjöld að fenginni umsókn þar um, hafi afsláttur fallið niður vegna vanskila eftirlitsgjalda og eftirlitsgjöld verið greidd að fullu ásamt áföllnum kostnaði.

Heilbrigðiseftirlitinu er heimilt að fella niður gjöld af leiðsöguhundum blindra, leitar- eða björgunarhundum. Ber að sækja um slíka lækkun eða niðurfellingu gjalda sérstaklega til heilbrigðisnefndar.

Heilbrigðiseftirlitið, apríl 2011

### Skólar með viðurkennd grunnámskeið í hundauppeldi:

Gallery Voff, Reykjahlíð, Mosfellsbæ.

Hundalíf, Smiðjuvegi 9, Kópavogi.

Hundaræktarfélag Íslands, Síðumúla 15, Reykjavík.

Hundaskóli Heimsenda hunda, Vatnsendablett 72, Kópavogi.

Hundaskóli HundaHönnu, Nýbýlavegi 30, Kópavogi.

Hundaskólinn Lambhaga 14, Álftanesi.

Hundaskólinn Míó minn, Nýbýlavegi 30, Kópavogi.

Hundaskólinn okkar, Klukkuholti 1, Álftanesi.

